

## Tillaga til þingsályktunar

### um þjóðaráttak í landgræðslu.

Flm.: Þórarinn Ingi Pétursson, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,  
Halla Signý Kristjánsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Ásmundur Friðriksson,  
Hanna Katrín Friðriksson, Oddný G. Harðardóttir, Logi Einarsson,  
Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra að koma fyrir lok árs 2023 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

#### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessa efnis var áður lögð fram á 150. löggjafarþingi (365. mál), 151. löggjafarþingi (320. mál) og 152. löggjafarþingi (96. mál). Umsagnir um málið á fyrri þingum hafa verið jákvæðar. Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 150. löggjafarþingi benti stofnunin á möguleikana á því að tengja þjóðaráttakið við áttak sem mætti hefja við að draga úr urðun lífræns úrgangs og aukna endurnýtingu hans.

Með tillögunni er lagt til að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í samráði við matvælaráðherra verði falið að sjá til þess að komið verði á fót vettvangi fyrir samstarfi stjórnvalda, Landgræðslunnar, bænda, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og gera þannig þjóðaráttak í landgræðslu. Samstarfsvettvangi þessum verði komið á fyrir lok árs 2023.

Markmið tillögunnar er að auka kolefnisbindingu, koma í veg fyrir jarðvegsrof og græða upp örfoka land með aukinni þátttöku almennings í landgræðslu.

Samstarfsvettvangurinn hafi að fyrirmynd áttakið „Bændur græða landið“, samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar um uppgræðslu heimalanda, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1990 og gefið góða raun.

Með aukinni umhverfisvitund og fræðslu til almennings hafa æ fleiri fyrirtæki boðið viðskiptavinum upp á að kolefnisjafna viðskipti sín. Þátttaka atvinnulífsins í verkefninu gæti falist í því að bjóða upp á kolefnisjöfnun viðskipta með landgræðslu. Þannig yrði þátttaka almennings tvíþætt, annars vegar með beinni þátttöku í landgræðslu undir leiðsögn Landgræðslunnar, hins vegar með kolefnisjöfnun viðskipta sinna.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu falla vel að stjórnarsáttmálanum, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum frá því í júní 2020 (*Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030*) sem og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmiði nr. 13: Aðgerðir í loftslagsmálum.

Aðrir alþjóðasamningar sem samvinnuverkefnið gæti verið liður í að uppfylla eru: Parísarsáttmálinn, Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun sem hefur verið í gildi hér á landi frá árinu 1996, alþjóðlegir samningar um líffræðilega fjölbreytni sem

fullgiltir voru á Alþingi árið 1994 og rammisamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem tók gildi hér á landi árið 1994.

Jarðvegur er mikilvæg auðlind. Hann er undirstaða mestallrar matvælaframleiðslu heimsins en jarðvegseyðing er ein mesta ógn mannkyns. Eyðing gróðurs og jarðvegs hefur um langa hríð verið eitt helsta umhverfisvandamál á Íslandi. Flutningsmenn leggja því til að farið verði í þjóðaráttak í landgræðslu enda hafi fáar þjóðir eins góð tækifæri og Íslendingar til að draga úr losun vegna landnotkunar og efla kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi.